

AUGLÝSING**um umferð á Sauðárkróki.**

Skv. heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar hefir verið ákveðið að setja stöðvunarskyldu á Aðalgötu við Strandveg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. desember 1991.

Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, 22. nóvember 1991.

Halldór Þ. Jónsson.

Nr. 569

AUGLÝSING

2. desember 1991

um áskriftargjald Lögbirtingablaðsins árið 1992.

Áskriftargjald Lögbirtingablaðsins árið 1992 hefur verið ákveðið kr. 1 500.
Einstök blöð kosta kr. 30,00.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

Nr. 570

AUGLÝSING

2. desember 1991

um áskriftargjald Stjórnartíðinda.

Áskriftargjald hefur verið ákveðið kr. 3 000,00 fyrir árganginn 1992.
Einstök hefti kosta 100,00 séu þau minna en 50 bls., en kr. 200,00 séu þau stærri.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

Nr. 571

AUGLÝSING

2. desember 1991

um gjald fyrir birtingu efnis í B- og C-deild Stjórnartíðinda.

Gjald fyrir birtingu efnis í B-deild Stjórnartíðinda skal vera sem hér segir frá 1. janúar 1992 að telja:

Lágmarksgjald fyrir birtingu efnis allt að einni blaðsíðu er kr. 7 000,00.

Fyrir hverja byrjaða síðu umfram fyrstu síðu greiðist kr. 7 000,00.

Fyrir efni sem sérstaklega er óskað eftir að birt sé í aukaútgáfu skal greiða með 80% álagi á framangreint gjald.

Fyrir efni sem sent er til birtingar fullfrágengið, þ.e. sett í prentsmiðjunni Gutenberg hf. og prófarkalesið, er veittur 30% afsláttur.

Sé efni skilað á disklingi sem unnt er að vinna af í setningartölvu, er veittur 20% afsláttur. Gjald fyrir birtingu efnis í C-deild Stjórnartíðinda skal vera kr. 5 000,00 fyrir hverja síðu frá 1. janúar 1992 að telja.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1992, jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni nr. 122/1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

1. Heitt vatn.

Verð án 24,5% virðisaukaskatts.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

- | | | |
|---|---------|-----------|
| 1. Um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns | kr. | 40,85 |
| 2. Um hemil fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils | kr./ári | 11 203,50 |

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

2. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

- | | | |
|---|-----|----------|
| 1. Fyrir mæla eða hemla allt að ¾" | kr. | 5 365,00 |
| 2. Fyrir mæla eða hemla allt að 1"-2" | kr. | 7 542,00 |

3. Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m ³	kr.	64 448,00
Fyrir hvern m ³ yfir 400 að 2000 m ³	kr./m ³	55,13
Fyrir 2000 m ³	kr	151 473,00
hvern m ³ þar yfir	kr./m ³	45,68

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 12 516,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

4. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 365,00.

5. Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.